



EYJAFJARÐARSVEIT

JAFNLAUNASTEFNA

Eyjafjarðarsveitar



JAFNRÉTTI

Eyjafjarðarsveit leggur metnað í að tryggja konum og körlum jöfn áhrif, tækifæri og virðingu og gerir þá kröfu til kjörinna fulltrúa, fulltrúa í nefndum og starfshópum, stjórnenda og annarra starfsmanna hjá sveitarfélaginu að þeir taki mið af jafnréttisáætlun sveitarfélagsins í störfum sínum fyrir sveitarfélagið.

Úr jafnréttisáætlun Eyjafjarðarsveitar



Ábyrgðamaður jafnlaunakerfis Eyjafjarðarsveitar

Sveitarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd Eyjafjarðarsveitar á sviði jafnréttismála og að jafnlaunastefnu sveitarfélagsins sé framfylgt við allar launaákvörðanir. Hann ber ábyrgð á þróun jafnréttis- og jafnlaunakerfi í samvinnu við aðra stjórnendur og starfsmenn eftir því sem við á. Hann ber einnig ábyrgð á verklagsreglum, skjölum og skrá m jafnlaunakerfisins, og að unnið sé samkvæmt jafnlaunakerfinu við ákvörðun launa. Sveitarstjóri er ábyrgur fyrir því að sveitarfélagið uppfylli lagalegar kröfur og aðrar kröfur er snúa að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins og fyrir að allt starfsfólk sem kemur að launaákvörðunum eða áhrif getur haft á laun hjá Eyjafjarðarsveit sé vel upplýst um jafnlaunakerfið og verklagsreglur því tengdu.



Jafnlaunastefna Eyjafjarðarsveitar

Markmið Eyjafjarðarsveitar er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem kynin hafa jöfn tækifæri í starfi.

Jafnlaunastefna Eyjafjarðarsveitar nær til alls starfsfólks sveitarfélagsins og er lagður metnaður í að tryggja að laun séu ákveðin á sama hátt óháð kyni



Jafnlaunastefna Eyjafjarðarsveitar

Eyjafjarðarsveit skuldbindur sig til að skjalfesta, innleiða og heitir að viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur ÍST 85:2012.

Eyjafjarðarsveit hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið jafnlaunakerfis til að tryggja að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti þeirra óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.



Jafnlaunastefna Eyjafjarðarsveitar

Eyjafjarðarsveit skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvítetna og til þess að ná settum markmiðum mun sveitarfélagið:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi byggt á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012, skjalfesta það og viðhalda.
- Framkvæma launagreiningu árlega þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki og sveitarstjórn.
- Viðhafa stöðugt eftirlit og bregðast við óútskýrðum launamun með umbótum þar sem þess er þörf.
- Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru um starfsemina á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Eyjafjarðarsveitar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar.



Jafnlaunastefna Eyjafjarðarsveitar var samþykkt af sveitarstjórn 6. október 2021